



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/66

Alþingi

Erindi nr. P 127/1201

komudagur 13.3.2002

Suðurlandsbraut 6

108 Reykjavík

Sími/Tel.: +354-568 1612

Bréfsími/Fax: +354-568 9664

Alþingi,
umhverfisnefnd,
nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

12. mars 2002

Efni: Um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda, 492. mál.

Með bréfi umhverfisnefndar Alþingis, dags. 27. febrúar sl., var þess farið á leit að Samband íslenskra tryggingafélaga (SÍT) veitti umsögn um ofangreint þingmál. Hér er um að ræða frumvarp til heildstæðra laga, sem hefur að markmiði að vernda hafið og stendur landsins gegn m.a. mengun. Er frumvarpinu ætlað að leysa af hólmi lög nr. 32/1986 með síðari breytingum um varnir gegn mengun sjávar. Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu á það sér nokkurn aðdraganda, og við samningu þess hefur verið leitað til fjölmargra aðila, og óskað eftir sjónarmiðum þeirra og athugasemdum. Í þeim hópi er Samband íslenskra tryggingafélaga. Sýnist sem að einhverju leyti hafi verið tekið tillit til ábendinga SÍT við endanlega gerð frumvarpsins. Eftirfarandi atriðum skal þó enn hreyft varðandi frumvarpið:

1. Í 1. másl. 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins er fjallað um ábyrgð einstaklinga og lögaðila. Kemur þar fram sú meginregla, að sá sem **veldur** mengunartjóni innan mengunarlögsögu beri ábyrgð samkvæmt almennum skaðabótareglum á því mengunartjóni, sem mengunin **veldur**. Í ákvæðinu er bæði notað orðalagið **veldur mengunartjóni**, þ.e. um gerandann, og tjón, sem **mengunin veldur**, og er þetta óheppilegt. Einnig virðist ábyrgðin bundin við þann, sem verður **uppvís** að því að valda mengunartjóni, og er þetta nokkuð sérkennilegt orðalag. Lagt er til, að 1. másl. 1. mgr. 7. gr. verði breytt, og hljóði svo: „Hver sá sem veldur mengunartjóni í mengunarlögsögu Íslands ber ábyrgð samkvæmt almennum skaðabótareglum á því mengunartjóni, sem rakið verður til mengunarinnar.“

Í 2. másl. 1. mgr. 7. gr. segir orðrétt: „Eigendum skipa er þó heimilt að takmarka fjárhagslega ábyrgð sína.“ Ekki er einsýnt, hvað hér er átt við, og ekkert er að finna í greinargerð, sem skýrir það á öyggjandi hátt. Í 15. gr. laga nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar er þetta orðað svo: „Eigendum skipa er þó heimilt að takmarka fjárhagslega ábyrgð sína í samræmi við gildandi lagaákvæði.“ Með gildandi lagaákvæði í þessu sambandi er að líkindum átt við IX. kafla siglingalaga nr. 34/1985. Eindregið er lagt til, að 2. másl. 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins verði breytt til samræmis við núgildandi 15. gr. laga nr. 32/1986, þ.e. „í samræmi við gildandi lagaákvæði“ verði bætt við málsliðinn. Að öðrum kosti hefði meginregla 1. másl. 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins um ábyrgð afar litla


þýðingu. Jafnframt væri æskilegt, að nokkrum orðum yrði varið til að skýra þessa takmörkunarheimild skipseigenda, t.d. í væntanlegu nefndaráliti umhverfisnefndarinnar sjálfar.

2. Í 16. gr. frumvarpsins er fjallað um ábyrgð á bráðamengunartjónum af tilteknum orsökum og váttryggingarskyldu í því sambandi. Hér er um að ræða nýmæli, sem felst í því, að mengunarvaldur skuli bera svonefnda hlutlæga ábyrgð sé um að ræða bráðamengunartjón af völdum flutnings á olíu, eiturefna eða hættulegra efna eða tiltekins atvinnurekstrar, sem sérstaklega er talinn geta valdið mengun hafs og stranda. Rétt er að vekja athygli á, að með hlutlægri ábyrgð er átt við ábyrgð án sakar, þ.e. að ekki er gerð krafa um sök, þ.e. ásetning eða gáleysi, hvort heldur er stórfellt gáleysi eða einfalt/almennt gáleysi, hjá tjónvaldi. Er þetta nefnt hér því orðalag í athugasemdum með 16. gr. frumvarpsins er ónákvæmt, en þar segir orðrétt, þegar umfangi ábyrgðarinnar er lýst „...heldur dugar að tjón hafið orðið þótt hvorki liggi að baki ásetningur nér vítavert gáleysi.“

Jafnframt því að mæla fyrir um svo víðtæka ábyrgðarreglu vegna bráðamengunar er í 16. gr. frumvarpsins mælt fyrir um skyldu þeirra, sem slíka ábyrgð bera, til að taka ábyrgðartryggingu, og skal váttryggingarfjárhæðin nema allt að 1 milljón SDR. Nánari ákvæði um váttrygginguna á að setja í reglugerð, eins og fram kemur í 16. gr. frumvarpsins og raunar einnig í u-lið 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Væntanlega tekur reglugerðarheimildin einnig til eftirlits með váttryggingarskyldunni. Miðað við orðalag ákvæðisins virðist sem váttryggingarfjárhæðin geti verið mismunandi, og þá væntanlega eftir eðli starfseminnar, en þó aldrei hærra en 1 milljón SDR/um 125 milljónir ísl. króna.

Að mæla fyrir um hlutlæga ábyrgð atvinnurekanda er frávik frá því sem almennt tíðkast, og slík bótaábyrgð getur vissulega verið afar íþyngjandi. Athyglisvert er, að þessi víðtæka og fortakslaus ábyrgð er takmarkalaus í fjárhæðum mælt, en váttryggingarskyldan verður hins vegar takmörkuð, og aldrei hærra en um kr. 125 milljónir. Athugunarefni er, hvort þessi tilhögun sé alls kostar eðlileg og sanngjörn. Að mati undirritaðs mælir ýmislegt með því, að hlutlæga ábyrgðin verði bundin við eitthvað tiltekið sanngjarnt hámark, t.d. 1 milljón SDR, sem þá væri jafnhátt lögbundinni váttryggingarfjárhæð. Um ábyrgð tjónvalds umfram það mark fari hins vegar að almennum reglum skaðabótaréttarins. Samband íslenskra tryggingafélaga er hvenær sem er reiðubúið að skýra þessi sjónarmið nánar, verði þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA



Sigmar Ármannsson